

Nd. **370. Frumvarp til laga** [15. mál]
um breyting á siglingalögum, nr. 66 31. des. 1963.

(Eftir 2. umr. í Nd., 18. marz.)

1. gr.

Í stað orðanna „kostnaður af affermingu“ í 1. tölul. 216. gr. laganna komi: kostnaður af hafnsögu.

Á eftir 2. mgr. 5. tölul. 216. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þó skulu eiga sjóveðrétt kröfur, sem skipstjóri stofnar til á árunum 1968 og 1969 vegna kaupa á nauðsynjum skipsins eða viðgerðarþjónustu, til að tryggja áframhald veiðiferðar á fiskimiðum í 300 sjómílna fjarlægð frá Íslandi eða meira.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.